



Reykjavík 27.04.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík


Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 26. apríl 2017 varðandi eftirfarandi mál.

### **Ellidaárdalur**



Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals. Í breytingunni felst að núverandi reiðstíg er breytt í hjólastíg í ljósi þess að hesthúsabyggð hefur verið aflögð á Sprengisandi við Bústaðaveg. Svæðið sem breytingin nær til afmarkast að mestu af 5 metra svæði sitt hvoru megin við núverandi reiðstíg, frá göngustíg við undirgöng undir Höfðabakka að undirgöngum undir Reykjanesbraut til vesturs, samkvæmt uppdr. Landslags ehf., dags. 19. apríl 2017.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Vísað til borgarráðs.*


F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

  
Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjal: uppdr. Landslags ehf., dags. 19. apríl 2017



GILDANDI DEILISKIPULAG 1:3000



HLUTI ADALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2010 - 2030

**Ellidaárdalur-deiliskipulagsbreyting**  
**Reiðstigur breytist í hjólástig**

**GREINARGERÐ:**  
Deiliskipulagsbreyting þessi felst í því að núverandi reiðstígur í Ellidaárdal er breytt í hjólástig í ljósi þess að hesthúsaþýðing hefur verið aflögð á Sprengisandi við Bústaðaveg. Reiðstígur er aflögður á svæðinu milli Sprengisands og að stíflu í Ellidaárdal við Höfðabakka. Svæðið sem breyting nær til afmarkast að mestu af 5 metra svæði sitt hvoru megin við núverandi reiðstíg, frá gerði hestamanna við stífluna að undirgöngum undir Reykjanesbraut til vesturs. Nýr stígur vikur lítilsháttar frá reiðstigi á um 150m kaffa rétt sunnan undirganga undir Reykjanesbraut. Samanlögð lengd hjólástigsins er um 1650m. Gert er ráð fyrir að nýr stígur verði 2,5 metra breiður, malbikaður og upplystur, með miðlínu og akstursstefnu hjóla í báðar áttir. Deiliskipulagsbreytingin kallar einnig á breytingu á aðalskipulagi og er gert ráð fyrir að aðalskipulagstillaga verði auglýst samhliða breytingu á deiliskipulagi. Að öðru leyti gildir deiliskipulagsbreyting og greinargerð sem samþykkt var í borgarráði 18. febrúar 2010 og deiliskipulag og greinargerð sem samþykkt var í borgarsjórn 19. maí 1994.

**Markmið og samræmi við aðrar áætlanir**  
Breytingin er í samræmi við Hjólaáætlun Reykjavíkur 2015-2020 og markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 um uppbyggingu hjólástigakerfis.

**Markmið og tilgangur:**  
-Stýrja við markmið aðalskipulags um eflingu hjólaáætlun sem samgöngumáta.  
-Að framfyllja Hjólaáætlun Reykjavíkur 2015-2020 um uppbyggingu hjólástigakerfis  
-Tryggja öryggi og skilvirki hjóla- og gönguleiðir  
-Lágmarka rask við gerð hjólástigsins

**Möguleg áhrif á trjágróður**  
Deiliskipulagsbreytingin er ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða. Hins vegar verður gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum breytingarinnar skv. 12. gr. skipulagslaga. Þar ber helst að nefna rask á núverandi trjágróður sem þó er talið óverulegt, þar sem nýr stígur er að mestu lagður í legu núverandi reiðstigs.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1 mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_ var samþykkt í \_\_\_\_\_ Sveitarfélagsins Reykjavík þann \_\_\_\_\_

Deiliskipulagsbreyting þessi ódlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

**SKÝRINGAR**

	MÖRK DEILISKIPULAGSBREYTINGAR		NÚVERANDI REIÐLEIÐ		HEITT VATN
	LÖÐIR / DÆLUHÚS ORKUVEITU REYKJAVÍKUR		AKVEGUR		KALT VATN
	NÝR HJÓLÁSTIGUR		NÝR AKVEGUR SKV. SKIPULAGI		NÚVERANDI UNDIRGÖNG
	BYGGINGAR INNAN ÁHRIFASVÆÐIS SKIPULAGSSVÆÐIS		BRÁÐABIRGÐA VEGIR/ VEGIR SEM FARA		GRÓÐUR
	BYGGINGAR UTAN ÁHRIFASVÆÐIS SKIPULAGSSVÆÐIS		FYRIRHUGAÐUR VEGUR		
	GÖNGUSTÍGUR				

**ELLIDAÁRDALUR-DEILISKIPULAGSBREYTING**  
**NORDAN STEKKJARBAKKA**  
**REIÐLEIÐ VERÐUR AÐ HJÓLÁSTIG**

KVARDI-A1: 1:2000 / 1:3000	TEIKN NR: 1 af 1
DAGS: 19.04.17	HANNAÐ: PH/GRG
FLOKKUR: 0000-reyk-elli	TEIKNAD: GRG
SKRÁ: 16213-gm.dwg	VERKNR: 16213

